

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Villingaholtshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið hinn 23. mars 2005 staðfest samkomulag, sem undirritað er af sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps hinn 22. febrúar 2005 og oddvita Villingaholtshrepps hinn 18. mars 2005, um færslu stjórnsýslumarka sveitarfélaganna á mörkum jarðanna Kílhrauns og Skálmholts.

Í breytingunni felst að sveitarfélagamörkin færast til norðurs inn á svæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps þannig að hnitpunktur merktur 2001 (x420129.459 y385349.921) fellur út og mörkin liggja eftir breytinguna beint á milli hnitpunktanna 2002 (x420069.841 y385513.505) og 2000 (x420861.656 y384749.704). Breytingin er sýnd á uppdrætti frá Landformi ehf., dags. 16. nóvember 2004, í mælikvarðanum 1:2.500/10000. Staðarmörkin eru einnig sýnd með hnitum á sérblaði, sem telst hluti samkomulagsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. mars 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.